

Eignaval B hs.
Útboðslýsing

Stefnir hf.
24. janúar 2023

EFNISYFIRLIT

Yfirlýsing	3
Yfirlýsing rekstraraðila.....	3
Helstu atriði úr útboðslýsingu	4
UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN	5
Starfsemi.....	5
Rekstraraðili	5
Starfskjarastefna	6
Vörsluaðili	6
Söluaðili	7
Endurskoðandi.....	7
Áhætta	8
Almennt	8
Áhættuflokkun.....	8
Áhætta tengd fjármálagerningum.....	8
Aðrar áhættur tengdar fjárfestingu í sjóðnum	8
Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina.....	9
Kaup og sala hlutdeildarskírteina	10
Sölugengi.....	10
Ársreikningur og hálfársuppgjör.....	10
Skattamál.....	11
Rekstrarkostnaður.....	11
Útvistun verkefna	11
Fylgigögn	13
Viðauki I: Reglur Eignavals B hs.....	13
Viðauki II: Yfirlit yfir sjóði.....	18

YFIRLÝSING***Yfirlýsing rekstraraðila***

Útboðslýsing þessi er gerð til að koma á framfæri upplýsingum sem fjárfestum eru nauðsynlegar til þess að geta myndað sér skoðun á fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum Eignavals B hs.

Sjóðurinn er rekinn af Stefni hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Stefnir hf. lýsir því hér með yfir, að útboðslýsing þessi er gerð eftir bestu vitund, í fullu samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt er gæti haft áhrif á mat á hlutdeildarskírteinum sjóðsins.

Reykjavík, 24. janúar 2023.

Jón Finnbogason,
framkvæmdastjóri

HELSTU ATRIÐI ÚR ÚTBODSLÝSINGU

Almennt	Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta hafa rými fjárfestingaheimildir en verðbréfasjóðir. Fjárfestingarheimildir sjóðsins koma fram undir fjárfestingarstefnuhluta útboðslýsingarinnar. Kennitala sjóðsins er 511005-8920.
Grunnmynt	Grunnmynt sjóðsins er íslensk króna.
Starfsemi	Starfsemi sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta takmarkast við að veita viðtöku fé frá fjárfestum til sameiginlegrar fjárfestingar í innlánnum og fjármálagerningum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.
Rekstraraðili	Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
Vörsluaðili	Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
Söluaðili	Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
Kaup- og sölugengi	Gengi hlutdeildarskírteina sjóðsins mun breytast á sölutímabilinu í samræmi við breytingar á gengi verðbréfa og annarra fjármálagerna sem sjóðurinn á hverju sinni.
Innlausnartími	Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir á innlausnardegi ef umsóknir berast fyrir kl. 14:30. Uppgjörstími sjóðsins er T+2.
Arðgreiðslur	Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Afborgunum, vöxtum og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.
Fjárhæð	Lágmarksfjárfesting í sjóðnum er 10.000 kr. að söluverði en 5.000 kr. að söluverði í áskrift.
Réttindi	Allir, sem eiga hlutdeildarskírteini að sjóðnum eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína.

Athygli fjárfesta er vakin á því að öll viðskipti með fjármálagerna, þ.m.t. hlutdeildarskírteini sjóðsins, eru áhættusöm. Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsins kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina rýrnað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti. Þá er á það bent að innstæður sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki tryggingarverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Þá er athygli fjárfesta vakin á því að til þess að Stefnir geti efnt skuldbindingar sínar samkvæmt reglum þessum er nauðsynlegt að safna og vinna með persónuupplýsingar, í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og viðeigandi reglur. Stefnir hefur sett sér persónuverndarstefnu sem aðgengileg er á heimasíðu félagsins, www.stefnir.is.

Hægt er að nálgast þau skjöl sem vitnað er til í útboðslýsingu þessari á starfsstöð Stefnis hf. að Borgartúni 19, á heimasíðu Stefnis og afgreiðslustöðum Arion banka.

UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN

Starfsemi

Eignaval B hs. er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta skv. X. kafla laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sjóðurinn hefur eingöngu heimild til markaðssetningar á Íslandi.

Um sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta gilda önnur lög og aðrar reglur en gilda um verðbréfasjóði, t.d. varðandi fjárfestingarheimildir og innlausnarskyldu. Fjárfestingarheimildir sérhæfðra sjóða eru rýmri skv. lögum nr. 45/2020 og geta sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta því verið áhættusamari en verðbréfasjóðir. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér umfjöllun um áhættu og sérstaklega kaflann um fjárfestingarheimildir sjóðsins.

Sjóðurinn var stofnaður 4. júlí 2006 og starfar í einni deild.

Útboðslýsingu þessa, lykilupplýsingar, reglur og reglulegar skýrslur um starfsemi sjóðsins auk upplýsingablaða má fá á skrifstofu Stefnis hf. að Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Þær er einnig hægt að nálgast á heimasíðu Stefnis, www.stefnir.is.

Fyrri útboðslýsing var gefin út 6. janúar 2023. Þessi útboðslýsing er gefin út 24. janúar 2023.

Í samræmi við 47. gr. laga nr. 45/2020 verður fjárfestum í sjóðnum reglulega veittar upplýsingar um áhættusnið og aðrar upplýsingar sem hluti af ársreikningi eða í reglubundnum tilkynningum sjóðsins til fjárfesta. Upplýsingar þessar veitir Stefnir hf. a.m.k. árlega.

Upplýsingar um fyrri árangur og eignasamsetningu sjóðsins er að finna á heimasíðu Stefnis.

Rekstraraðili

Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartún 19, 105 Reykjavík (einnig nefnt „rekstraraðili“) er rekstraraðili sjóðsins í samræmi við lög nr. 45/2020. Stefnir hf. var stofnað þann 26. september 1996. Útgefið hlutfé þess nemur 43,5 millj. kr. og er það allt greitt. Félagið er að fullu í eigu Arion banka hf. (einnig nefndur „Arion banki“ eða „bankinn“) og tengdra aðila. Stefnir hf. rekur fjölmarga sjóði um sameiginlega fjárfestingu, en yfirlit má finna í Viðauka II.

Stefnir hf. er rekstraraðili ýmissa sjóða á grundvelli heimildar laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og á grundvelli laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Stefnir hefur einnig starfsleyfi til að stunda eignastýringu, fjárfestingarráðgjöf og vörslu og stjórnun fjármálagerna í sameiginlegri fjárfestingu, sbr. 1.-3. tl. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Starfsemi félagsins felst einkum í rekstri sjóða um sameiginlega fjárfestingu og hefur það á að skipa starfsfólki sem hefur sérhæft sig í stjórnun fjárfestingarsamvals sjóða um sameiginlega fjárfestingu og sérgreindra verðbréfasafna fagfjárfesta.

Stjórn Stefnis skipa Sigrún Ragna Ólafsdóttir, formaður, kt. 180863-3629, sjálfstætt starfandi, Jón Óttar Birgisson, varaformaður, kt. 090474-4059, framkvæmdastjóri Stöplar Advisory ehf. Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir varaformaður, kt. 230969-5239, forstjóri Creditinfo hf. Framkvæmdastjóri Stefnis er Jón Finnbogason, kt. 040873-3769. Frekari upplýsingar um stjórn og hagsmunatengsl er að finna á heimasíðu Stefnis hf.

Rekstraraðili skal starfrækja sjóð í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur, þ.m.t. starfa af heiðarleika, fagmennsku, kostgæfni og sanngirni og starfa með hagsmuni sérhæfðra sjóða sem hann rekur, fjárfesta þeirra og heilleika markaða að leiðarljósi, sbr. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Starfskjarastefna

Félaginu hefur verið sett starfskjarastefna. Meginsjónarmið varðandi kjör starfsmanna Stefnis er að bjóða á hverjum tíma samkeppnishæf laun til þess að Stefnir geti laðað til sín og haldið í framúrskarandi starfsfólki. Jafnframt er markmið Stefnis að tryggja að störf hjá Stefni séu eftirsóknarverð í augum hæfra einstaklinga. Við mörkun starfskjarastefnunnar skal gætt að því að hún stuðli ekki að óeðlilegri áhættutöku, heldur hvetji til þess að langtímasjónarmið séu höfð að leiðarljósi og heilbrigður rekstur Stefnis tryggður. Við starfskjör skal jafnframt horft til fylgni við stefnu félagsins um ábyrgar fjárfestingar og virkt eignarhald samkvæmt reglum um meðferð umboðsatkvæða.

Starfskjarastefnan er liður í að gæta hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa, annarra viðskiptavina, langtímahagsmuna eigenda Stefnis, starfsfólks og annarra hagsmunaaðila með skipulegum og gagnsæjum hætti. Stefnir leitast við að samræma áherslur varðandi starfskjör við stefnu og áherslu Arion banka hf. innan þess sem lög og reglur heimila og að því marki sem samræmist tilgangi félagsins, hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa þess og góðum stjórnarháttum.

Í samræmi við 79. gr. a. laga nr. 2/1995, um hlutafélög og góða stjórnarhætti ber stjórn Stefnis að samþykkja starfskjarastefnu varðandi laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna, svo og stjórnarmanna þess. Starfskjarastefna Stefnis gildir um alla starfsmenn félagsins. Gildandi starfskjarastefnu má finna í heild sinni á heimasíðu félagsins.]

Vörsluaðili

Vörsluaðili sjóðsins er Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. („Arion banki hf.“ eða „bankinn“), sbr. 32. gr. laga nr. 45/2020. Arion banki er fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002 sem veitir alhliða bankaþjónustu og starfrækir m.a. fjárfestingarþjónustu skv. lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Rekstraraðili hefur útvistað vörslu fjármálagerninga, uppgjóri viðskipta og fleiri verkefnum til Arion banka hf. á grundvelli heimildar til slíks skv. 29. gr. laga nr. 45/2020. Samkvæmt 31. gr. laga nr. 45/2020, hefur útvistun verkefna engin áhrif á ábyrgð rekstraraðila gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina. Stefnir hf. getur einn tekið ákvörðun um að skipta um vörsluaðila sjóðsins og er slík ákvörðun háð samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir „Fjármálaeftirlitið“).

Lögbundið hlutverk vörsluaðila skv. 37. gr. laga nr. 45/2020 er m.a. að vakta sjóðstreymi sjóðs og tryggja að allir fjármunir séu móttæknir og lagðir inn á reikninga sjóðsins. Þá skal vörsluaðili varðveita alla fjármálagerninga sjóðs, tryggja aðgreiningu á varðveislu fjármálagerninga sjóðsins frá öðrum og að vörslureikningar séu í nafni sjóðsins, eða rekstraraðila sjóðsins, svo að ávallt sé unnt að auðkenna að fjármálagerningar tilheyri sjóðnum, sbr. 38. gr. laga nr. 45/2020. Enn fremur skal vörsluaðili tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn, ógilding hlutdeildarskírteina eða hluta og útreikningur á virði hlutdeildarskírteina eða hluta sé samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og reglum sjóðs. Aukinheldur ber vörsluaðila að framfylgja fyrirmælum rekstraraðila nema þau séu í andstöðu við lög, stjórnvaldsfyrirmæli eða reglur sjóðsins, tryggja að í viðskiptum með eignir sjóðsins sé endurgjald fyrir þær greitt innan

eðlilegra tímamarka og að tekjur sjóðs séu notaðar í samræmi við lög og reglur sjóðsins, sbr. 39. gr. laga nr. 45/2020.

Vörsluaðili ber ábyrgð gagnvart sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta og fjárfestum hans á því þegar fjármálagerningur í vörslu hans eða útivistunaraðila hans glatast. Vörsluaðili ber þó ekki ábyrgð skv. 1. mgr. 41. gr. ef hann getur sýnt fram á að fjármálagerningur hafi glatast vegna utanaðkomandi atviks sem ekki er með sanngirni hægt að ætlast til að vörsluaðili hafi getað haft stjórn á og afleiðingar atviksins voru óhjákvæmilegar þótt vörsluaðili hefði gripið til þeirra ráðstafana sem með sanngirni hefði mátt ætlast til af honum, sbr. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 45/2020.

Þá ber vörsluaðili ábyrgð á öðru tjóni en skv. 1. mgr. 41. gr. sem hann af ásetningi eða af gáleysi veldur sérhæfðum sjóði eða fjárfestum hans við framfylgd verkefna sinna, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga nr. 45/2020. Nánar um ábyrgð vörsluaðila fer skv. reglugerð nr. 555/2020.

Rekstraraðili og vörsluaðili skulu vera óháð í störfum sínum. Rekstraraðili skal ætíð hafa hagsmuni sérhæfðra sjóða sem hann rekur, fjárfesta þeirra og heilleika markaða að leiðarljósi, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 45/2020. Þá skal rekstraraðili koma fram við fjárfesta af sanngirni, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 19. gr. laganna.

Samkvæmt 40. gr. laga nr. 45/2020 skal vörsluaðili sinna hlutverki sínu af heiðarleika, sanngirni, fagmennsku og óhæði og standa vörð um hagsmuni sérhæfðs sjóðs og fjárfesta hans.

Vörsluaðila er óheimilt að sinna verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum á milli hans, verðbréfasjóðs, fjárfesta eða rekstrarfélags nema vörsluaðili hafi með tilhlýðilegum hætti aðskilið framkvæmd og ábyrgð vörsluverkefna sinna frá öðrum verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum og að þeir mögulegu hagsmunaárekstrar séu greindir og vaktarir og fjárfestar upplýstir um þá. Stefnir hefur sett stefnu um hagsmunaárekstra. Ekki er hægt að útiloka að hagsmunaárekstrar geti komið upp við störf Arion banka sem vörsluaðila sjóðsins, t.d. hefur verið skilgreind sem möguleg áhætta; áhrif á ákvarðanir, misnotkun á trúnaðarupplýsingum og einhliða ákvarðanir vörslufélags. Stefnir hefur sett upp stýringar til þess að takmarka hagsmunaárekstra eftir bestu getu hverju sinni. Með vísan til framangreinds er því dregið verulega úr hættu á hagsmunaárekstrum með greiningu og virku eftirliti. Ef upp koma hagsmunaárekstrar grípur Stefnir til viðeigandi ráðstafana og skráir þá jafnframt á þar til gert yfirlit.

Söluaðili

Stefnir hefur útvistað að hluta markaðssetningu og þjónustu við viðskiptavinum til Arion banka hf. á grundvelli heimildar 29. gr. laganna. Bankinn annast þjónustu við þá sem vilja fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum og annast milligöngu um útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina.

Endurskoðandi

Endurskoðunarfyrtæki sjóðsins og rekstraraðila er Deloitte ehf., kt 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi. Fyrir hönd Deloitte ehf. fara Hugrún Arna Vigfúsardóttir, kt. 051190-2039, og Gunnar Þorvarðarson, kt. 24108-24239, löggiltir endurskoðendur með endurskoðun sjóðsins.

Áhætta

Almennt

Sjóðurinn er ætlaður almenningi sem og fagfjárfestum, s.s. lífeyrissjóðum og fyrirtækjum, sem velja sér fjárfestingakosti sem fela í sér sjóði um sameiginlega fjárfestingu með rekstri og umsjón fagaðila skv. lögum og eftirliti sem um slíkan sjóð gildir á hverjum tíma. Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði öruggari en þegar keypt eru einstök verðbréf þar sem sjóðir dreifa áhættu fjárfesta með kaupum á fleiri en einum flokki verðbréfa.

Öll viðskipti með fjármálagerninga, þ.m.t. hlutdeildarskírteini sjóðsins, eru áhættusöm. Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsins kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina rýrnað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti.

Áhættuflokkun

Stefnir hefur skipt sjóðum í rekstri félagsins í sjö flokka eftir staðalfráviki vikulegrar ávöxtunar sl. 5 ára. Flokkur 1 ber minnstu sveiflurnar í ávöxtun en flokkur 7 mestu sveiflurnar. Flokkun sjóðs getur breyst ef sveiflur undirliggjandi fjármálagerninga taka breytingum. Flokkunin grundvallast á leiðbeiningum Evrópsku verðbréfaeftirlitsstofnuninni (e. ESMA – áður CESR) um útreikning mælikvarðans.

Mælikvarðinn, sem er birtur í lykilupplýsingum fyrir sjóðinn, byggir eingöngu á sögulegum sveiflum í ávöxtun. Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð og tekur ekki mið af þeim ýmsu áhættum sem verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta kunna að búa við í rekstri sínum

Áhætta tengd fjármálagerningum

Margvísleg atriði geta valdið verðlækkun á fjármálagerningum sem sjóðurinn hefur fjárfest í og þar með á gengi hlutdeildarskírteina í sjóðnum, s.s. ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástandi. Einnig getur ný eða breytt löggjöf Alþingis haft áhrif á gengi hlutdeildarskírteina. Þá má geta svokallaðrar seljanleikaáhættu, þ.e. áhættan á að ekki reynist unnt að selja verðbréf þegar vilji stendur til. Áhættan birtist bæði með þeim hætti að markaðurinn geti ekki tekið við því magni sem til stendur að selja þar sem kaupendur vantar, en einnig er verðmyndun oft með þeim hætti að verulegur munur er á kaup- og sölugengi og því næst ekki sá árangur við sölu sem vænst hafði verið.

Aðrar áhættur tengdar fjárfestingu í sjóðnum

1. *Markaðsáhætta* vísar til þeirra áhrifa sem hugsanlegar breytingar á gengi fjármálagerninga getur haft á gengi sjóðsins. Fjármálagerningar í eðli sínu sveiflast í verði og getur gengi þeirra bæði hækkað sem og lækkað sem skilar sér í markaðsáhættu fyrir sjóðsfélaga.
2. *Greiðsluáhætta*. Þar sem sjóðurinn mun eiga, kaupa og selja fjármálagerninga af þriðja aðila er sú hættu fyrir hendi að kaupandi greiði ekki fyrir selda gerninga eða að seljandi afhendi ekki gerninga sem sjóðurinn hefur keypt.
3. *Vörslu- og uppgjörshætta*. Rekstraraðili sjóðsins felur vörsluaðila vörslu allra fjármálagerninga sjóðsins. Sú áhætta er fyrir hendi að slíkir fjármálagerningar glattist vegna gjaldþrots vörsluaðila, vanrækslu vörsluaðila, misnotkun hans eða svika. Sú hættu er einnig fyrir hendi að mistök eigi sér stað við uppgjör sjóðsins.
4. *Áhætta höfuðstóls*. Fjármálagerningar í eðli sínu geta sveiflast í verði og höfuðstóll getur því rýrnað yfir skemmri eða lengri tíma vegna sveiflna á þeim fjármálagerningum sem

sjóðurinn er fjárfestur í á hverjum tíma. Þá fylgir því ávallt jafnframt áhætta að fjárfesta í hverskonar skuldaviðurkenningum um að lántaki muni ekki geta endurgreitt þá skuld sem um ræðir hverju sinni. Jafnvel þó að tiltekna tryggingar eru settar fram til þess að auka líkur á því að viðkomandi lántaki geti greitt viðkomandi skuld til baka þá er ávallt möguleiki á að svo verði ekki þegar á reynir. Tryggingar kunna að lækka í virði eða af einhverju ástæðum að þær eru ekki til taks þegar á reynir við fullnustu vegna vanefnda lántaka. Getur það leitt til þess að höfuðstóll viðkomandi skuldar verði ekki greiddur til baka að hluta til eða öllu leyti. Sama á við um áfallna vexti eða verðbætur á viðkomandi skuld.

5. *Verðbólguáhætta.* Þar sem sjóðurinn fjárfestir í innlánnum, víxlum, skuldabréfum og öðrum stuttum fjármálagerningum sem geta verið óverðtryggð, er umtalsverð verðbólguáhætta í sjóðnum, sú áhætta skapast af því ef verðbólga til skemmri eða lengri tíma verði hærri en ávöxtun sjóðsins. Þá rýrna eignir sjóðsins og þar með hlutdeildarskírteini sjóðsins að raunvirði.
6. *Ytri ástæður* á borð við stríð, hryðjuverk og stjórnmálalegan óstöðugleika eða annað því tengt geta haft áhrif á gengi fjármálagerninga og telst því áhættuþáttur fyrir sjóðsfélaga.
7. *Mótaðilaáhætta og áhætta tengd innlánnum og öðrum lánveitingum sjóðsins.* Þar sem tiltekinn hluti eigna sjóðsins er ávallt í innlánnum fjármálafyrirtækis, eins eða fleiri, veltur greiðsla innlána á greiðslugetu viðkomandi fjármálafyrirtækis/fjármálafyrirtækja. Sú áhætta er fyrir hendi að viðkomandi fjármálafyrirtæki þar sem sjóðurinn hefur fjárfest í innlánnum geti ekki greitt þau að fullu til baka sem myndi valda sjóðnum og hlutdeildarskírteinishöfum tjóni með lækkun á virði hlutdeildarskírteina. Sjóðurinn getur fjárfest bæði í óbundnum og bundnum innlánnum (stundum nefnt heildsöluinnlán eða peningamarkaðsinnlán) en meiri áhætta fylgir almennt fjárfestingu í bundnum innlánnum. Þá hefur sjóðurinn heimild til þess að fjárfesta í víxlum, skuldabréfum og öðrum skuldaviðurkenningum með ábyrgð íslenska ríkisins. Í þeim tilvikum geta útgefendur verið aðrir en íslenska ríkið og komi til greiðslufalls þeirra getur sjóðurinn og þá hlutdeildarskírteinishafar orðið fyrir tjóni, t.a.m. á formi tapaðra vaxta þar til ríkisábyrgð eru uppfyllt. Einnig ef íslenska ríkið stendur ekki við skuldbindingar sínar mun það valda sjóðnum og hlutdeildarskírteinum tjóni.
8. *Áhætta tengd endurhverfum viðskiptum.* Sjóðurinn hefur heimild til þess að eiga endurhverf viðskipti við fjármálafyrirtæki. Sú áhætta er fyrir hendi að mótaðili sjóðsins í endurhverfum viðskiptum geti ekki staðið við skuldbindingar sínar og því þurfi sjóðurinn að ganga að undirliggjandi fjármálagerningi (veði) og selja á markaði. Fáist ekki að fullu upp í skuldbindingu mótaðila við sölu undirliggjandi eignar getur það valdið sjóðnum og hlutdeildarskírteinum tjóni til lækkunar á virði hlutdeildarskírteina.

Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina

Þeir sem fá sjóðnum fjármuni fá í hendur kvittun fyrir kaupum á hlutdeildarskírteinum sem staðfestir að lágmarki, kaupdag, fjölda eininga og kaupverð. Þeir sem þess óska fá í hendur hlutdeildarskírteini, sbr. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 45/2020. Á hlutdeildarskírteini verður getið nafns sjóðsins, vörsluaðila, rekstraraðila, ásamt nafni og kennitölu upphaflegs eiganda skírteinis. Auk þess verða upplýsingar um hvernig hlutdeildarskírteini verða innleyst, hvaða reglur gilda um arðgreiðslur auk nafns og kennitölu framsalshafa, hafi skírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess. Hlutdeildarskírteini skulu vera dagsett og undirrituð af stjórn rekstraraðila sjóðsins eða þeim sem hún hefur gefið umboð til þess. Nafnritunin má vera prentuð eða sett fram á annan sambærilegan hátt.

Allir, sem eiga hlutdeild í sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna í hlutfalli við eign sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á hlutdeild til verðbréfaeignar sjóðsins. Hlutdeildarskírteinum fylgir ekki atkvæðisréttur.

Stefnir fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og getur stjórn rekstraraðila gert breytingar á reglum hans. Breytingar á reglum sjóðsins öðlast þó ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Tilkynna ber eigendum hlutdeildarskírteina um sérhverja breytingu á reglum sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 45/2020. Tillaga um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði skal fara eftir reglum sjóðsins.

Kaup og sala hlutdeildarskírteina

Hlutdeildarskírteini verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs, sbr. 77. gr. laga nr. 45/2020. Sjóðurinn gefur út hlutdeildarskírteini í einingaformi. Lágmarksfjárfesting hluta er 10.000 kr. að söluverði en lágmark í áskrift er 5.000 kr.

Umsóknir um innlausnir, sem berast söluaðila fyrir lokunartíma sjóðsins, á opunardegi Arion banka hf., ber að afgreiða samdægurs. Umsóknir, sem berast eftir þennan frest, ber að afgreiða á næsta opunardegi bankans.

Sölugengi

Arion banki hf. annast skráningu á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins. Varðandi illseljanlegar eignir, skráðar sem óskráðar, hefur sérstök verðmatsnefnd Stefnis umsjón með verðmati á slíkum eignum undir eftirliti vörsluaðila og endurskoðenda.

Sölubóknun er innifalin í sölugengi. Kaupendur greiða til viðbótar gjald við afgreiðslu og einnig gjald við útgáfu hlutdeildarskírteina ef farið er fram á útgáfu hlutdeildarskírteinis, en hvort tveggja telst vera „skírteinisgjald“.

Gjald vegna útgáfu hlutdeildarskírteina er 5.000 krónur.

Kaup- og sölugengi hlutdeildarskírteina sjóðsins skal reiknað út einu sinni á hverjum opunardegi.

Gengið breytist í samræmi við breytingar á markaðsaðstæðum, enda grundvallast gengi hlutdeildarskírteina í sjóðnum á verðmæti þeirra verðbréfa sem sjóðurinn fjárfestir í. Slíkar breytingar mun Stefnir hf. birta á heimasíðu sinni auk þess sem Arion banki birtir þær á afgreiðslustöðum bankans.

Mat á eignum sjóðsins fer skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Samkvæmt 26. gr. laganna skulu eignir sjóðsins á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma. Fjármálagerningar sem skráðir eru eða teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstraraðila en starfrækt er verðmatsnefnd innan Stefnis hf. Þá er verðmat háð eftirliti vörsluaðila og endurskoðanda.

Ársreikningur og hálfársuppgjör

Endurskoðaður ársreikningur Stefnis skal vera aðgengilegur hlutdeildarskírteinishöfum eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs, sem er frá 1. janúar til 31. desember.

Hálfsársuppgjör skal ennfremur liggja frammi á heimasíðu Stefnis eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok hvers uppgjörs til afhendingar án endurgjalds til hlutdeildarskírteinishafa. Í ársskýrslu og árshlutauppgjörum rekstraraðila skulu sérgreindar upplýsingar um sjóðinn.

Skattamál

Hagnaður af innlausn hlutdeildarskírteina sjóðsins er skattskyldur á Íslandi og fer um skattskyldu hagnaðar samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Arion banki hf., vörsluaðili sjóðsins, sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti en hann reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum. Um frekari skattlagningu getur verið að ræða.

Varðandi aðila búsetta í öðrum löndum en á Íslandi er athygli vakin á að kanna hvort um sé að ræða skattlagningu umfram þá sem er á Íslandi.

Rekstrarkostnaður

Stefnir á rétt á þóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins sem og Arion banki hf. fyrir að hafa með höndum umsjón með reikningshaldi og vörslu fjármálagerna hans. Þá er afgreiðslugjald við útgáfu þessarar lýsingar 700 kr., en 0 kr. í netbanka og appi vörsluaðila.

Öll gjöld og þóknunir dragast frá tekjum og síðan frá verðmætaaukningu eigna og loks frá eignum sjóðsins.

Útvistun verkefna

Stefnir hf. hefur útvistað eftirfarandi verkefnum til Arion banka, með samþykki Fjármálaeftirlitsins, samkvæmt 29. gr., laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

- Útvistun bókhalds- og uppgjörþjónustu
- Útvistun starfsmannþjónustu
- Útvistun tiltekinna verkefna til viðskiptabankasviðs (þ.m.t. dreifing með rafrænum miðlum)
- Útvistun tiltekinna verkefna til viðskiptaumsjónar
- Útvistun lögfræðiþjónustu

Þá hefur eftirfarandi útvistun verkefna verið samþykkt af Fjármálaeftirlitinu skv. viðeigandi lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem skilgreind er sem mikilvæg þjónusta:

- Útvistun innri endurskoðunar
- Útvistun upplýsingatækniþjónustu (einnig hefur Fjármálaeftirlitið samþykkt keðjuútvistun til Origo hf.)
- Útvistun regluvörslu (þ.m.t. persónuvernd og aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka).

Stefnir hf. yfirfer þjónustu útvistunaraðila með reglubundnum hætti, sbr. 4. mgr. 22. gr. laga nr. 116/2021. Samkvæmt 24. gr. laga nr. 116/2021 hefur útvistun á framangreindum lögbundnum verkefnum rekstraraðila engin áhrif á skyldur eða ábyrgð Stefnis hf. gagnvart sjóðnum eða fjárfestum. Ekki er hægt að útiloka að upp geti komið hagsmunaárekstrar við störf Arion banka sem vörsluaðila sjóðsins, t.d. hefur verið skilgreind sem möguleg áhætta; áhrif á ákvarðanir, misnotkun á trúnaðarupplýsingum og einhliða ákvarðanir vörslufélags. Stefni hefur verið sett stefna um hagsmunaárekstra og skráir hagsmunaárekstra sem upp kunna að koma á þar til gert

yfirlit. Dregið er verulega úr hættu á hagsmunaárekstrum með greiningu hagsmunaárekstra og virku eftirliti. Þjónusta útvistunaraðila er yfirfarin reglulega með endurskoðun útvistunarsamninga. Útvistun Stefnis á verkefnum hefur ekki áhrif á skyldur eða ábyrgð Stefnis gagnvart sjóðnum eða fjárfestum hans. Stefnir getur hvenær sem er slitið útvistunarsamningum þjóni þeir ekki lengur hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa að mati Stefnis. Jafnframt er vísað til fyrri umfjöllun hér um hagsmunaárekstra almennt.

FYLGIGÖGN**Viðauki I: Reglur Eignavals B hs.****Reglur
Eignaval B hs.****1. gr.****Heiti sjóðsins, rekstrarform, rekstraraðili og heimild til markaðssetningar**

Nafn sjóðsins er Eignaval B hs. (erlent nafn sjóðsins er Asset Allocation Fund B). Kennitala sjóðsins er, 511005-8920.

Rekstraraðili sjóðsins er Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og starfar skv. X. kafla laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Sjóðurinn starfar óskiptur og hefur ekki heimild til markaðssetningar í öðrum ríkjum en á Íslandi.

2. gr.**Markmið, fjárfestingarheimildir og fjárfestingarstefna sjóðsins**

Markmið Eignavals B hs. er að ávaxta fjármuni hlutdeildarskírteinishafa á virkan hátt með því að nýta sér fjárfestingar í þeim innlendu og erlendu sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem rekstraraðili telur best á hverjum tíma. Eignaval B er blandaður sjóður (e. *balanced fund*) og hefur því heimild til að fjárfesta í sjóðum sem fjárfesta í skuldabréfum og hlutabréfum. *Sjóðnum er heimilt að festa það fé, sem hann nýtir til fjárfestinga í öðrum sjóðum í sjóðum Stefnis hf.* Sjóðurinn hefur jafnframt heimild til að kaupa einstök skuldabréf og víxla.

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og ákvæðum laga nr. 45/2020, þ.e. aukið svigrúm sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta umfram verðbréfasjóði til fjárfestinga í einstökum útgefendum og heimild sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta til fjárfestinga í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu heldur en verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta. Þeir sjóðir kunna að fjármagna sig með lántökum og skortsölu. Verðbréfasjóðum er ekki heimilt að fjárfesta í slíkum sjóðum.

Sjóðnum er ekki heimilt að fjárfesta í afleiðum. Sjóðurinn nýtir sér heimild til að fjárfesta beint í bréfum útgefnum af íslenska ríkinu umfram 35% og allt að 50%, sbr. 6. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

Fjárfestingarviðmið sjóðsins er að 10% af eignum sjóðsins sé í hlutabréfum, ýmist beint eða í gegnum sjóði og 90% af eignum sjóðsins sé í skuldabréfum og víxlum í ýmist beint eða í gegnum sjóði. Sjóðurinn má ekki fjárfesta meira en 25% í hlutabréfum eða í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta í innlendum og erlendum hlutabréfum.

Innlán

- Innlán fjármálafyrirtækja, innlend og erlend. 0-50%
- Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta sem einkum fjárfesta í innlendum innlánnum. 0-50%
- Verðbréfasjóðir sem einkum fjárfesta í erlendum innlánnum. 0-50%

Skuldabréf

- Skuldabréf og víxlar í íslenskum krónum útgefnar af íslenska ríkinu eða með ábyrgð íslenska ríkisins 0-50%
- Verðbréfasjóðir sem eingöngu fjárfesta í skuldabréfum og víxlum í íslenskum krónum útgefnar af íslenska ríkinu eða með ábyrgð íslenska ríkisins 15-80%
- Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta sem eingöngu fjárfesta í skuldabréfum og víxlum í íslenskum krónum útgefnar af íslenska ríkinu eða með ábyrgð íslenska ríkisins. 0-40%
- Innlend skráð skuldabréf og víxlar, útgefnar af fyrirtækjum, sveitarfélögum, fjármálafyrirtækjum (s.s. sértryggð skuldabréf). 0 - 30%
- Verðbréfasjóðir sem fjárfesta aðallega í innlendum skráðum skuldabréfum og víxlum, útgefnar af fyrirtækjum, sveitarfélögum fjármálafyrirtækjum (s.s. sértryggð skuldabréf) og öðrum fyrirtækjum. 0 - 15%

Önnur skuldabréf, víxlar og lánasamningar

- Bein fjárfesting í öðrum skuldabréfum, víxlum og lánasamningum. 0-15%
- Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta sem fjárfesta í öðrum skuldabréfum og víxlum. 0-45%
- Sérhæfðir sjóðir sem fjárfesta í öðrum skuldabréfum, víxlum og skuldaskjölum. 0-15%
- Verðbréfasjóðir sem fjárfesta í erlendum skuldabréfum ríkja og fyrirtækja. 0-10%

Hlutabréf

- Verðbréfasjóðir sem eingöngu fjárfesta í innlendum og erlendum hlutabréfum 0-25%
- Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta sem eingöngu fjárfesta í innlendum og erlendum hlutabréfum. 0-15%
- Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, sem eingöngu fjárfesta í innlendum og erlendum hlutabréfum. 0-10%
- Bein fjárfesting í hlutabréfum skráðum í Kauphöll Íslands og First North. 0-5%
- Bein fjárfesting í erlendum skráðum hlutabréfum. 0-5%
- Óskráð hlutabréf. 0-5%

3. gr.**Vörslufyrirtæki sjóðsins**

Vörsluaðili sjóðsins er Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Stefni hf. er óheimilt að skipta um vörsluaðila nema að fengnum samþykki Fjármálaeftirlitsins.

4. gr.

Þóknanir.

Þóknun Stefnis hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 1% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 0,65% p.a.

Þóknun Arion banka hf. fyrir umsjón og vörslu fjármálagerninga sjóðsins er innifalin í þóknun Stefnis.

Söluþóknun er innheimt vegna sölu hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Sölu- og innlausnarþóknun er að hámarki samtals 2%. Söluþóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 0,5%. Innlausnargjald er í dag 0%.

Þegar fjárfest er í hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem stjórnad er beint eða með umboði af Stefni hf., eða öðru félagi sem Stefnir hf. tengist í gegnum sameiginlegan rekstur eða stjórnendur, eða með umtalsverðri beinni eða óbeinni eignarhlutdeild, er Stefnir hf. ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn fyrir fjárfestingu í sjóðunum.

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í þóknun rekstraraðilans og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Rekstrafélagið áskilur sér jafnframt rétt til að krefjast endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfa, kostnað vegna áskriftar að verðbréfavísitölum ef um það er að ræða, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar og póst og pappírskostnaðar og annars slíks. Gjaldfærður kostnaður vegna framangreindra liða má þó ekki verða hærri en sem nemur 0,05% af verðmæti meðaltals hreinnar eignar sjóðsins á ársgrundvelli.

Leiði sérstakar aðstæður til þess að verja þarf hagsmuni sjóðsins með aðgerðum sem fyrirsjáanlega fara umtalsvert fram úr framangreindu hlutfalli má gjaldfæra kostnað vegna þess hjá sjóðnum, enda leiði mat Stefnis til þeirrar niðurstöðu að hagsmunum sjóðfélaga sé best borgið með þeim hætti. Slík gjaldfærsla er háð tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

5. gr.

Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.

Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína. Þeir sem fá sjóðnum fjármuni fá í hendur kvittun fyrir kaupum á hlutdeildarskírteinum sem staðfestir að lágmarki kaupdag, fjölda eininga og kaupverð.

Hlutdeildarskírteini verða gefin út af Stefni hf. til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar og óska eftir því. Hlutdeildarskírteini verða send þeim sem þess óska í ábyrgðarpósti eigi síðar en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur gefið út kvittun. Hlutdeildarskírteini sjóðsins verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok þann dag sem fyrirmæli um slíkt berast söluaðila sjóðsins, svo lengi sem slík fyrirmæli berast fyrir lokunartíma sjóðsins. Að öðrum kosti skal líta svo á að fyrirmælin hafi borist næsta virka dag. Lokunartími sjóðsins er kl. 14:30 og uppgjör sjóðsins vegna kaupa miðast við t+2 en vegna sölu t+2, þ.e.a.s. uppgjorið á sér stað annan virkan dag.

Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 45/2020 uppfyllt.

6. gr.**Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar.**

Afborganir, vextir og annar hagnaður af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

7. gr.**Útreikningur á innlausnarvirði hlutar.**

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðinn er markaðsvirði samanlagðra eigna viðkomandi deildar að frádregnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

8. gr.**Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.**

Ef samanlagt markaðsverðmæti verðbréfa og annarra fjármálagerna sjóðsins fer undir 100.000.000 kr. skal stjórn rekstraraðilans sjóðsins kanna sérstaklega hvort hagstæðara sé fyrir hlutdeildarskírteinishafa að sjóðnum sé slitið. Ákvörðun um slit og sjóðsins skal tekin af stjórn Stefnis hf. Þá tekur stjórn Stefnis hf. ákvörðun um samruna sjóðsins við aðra sjóði, með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi og að uppfylltum skilyrðum X. kafla laga nr. 116/2021, meðal annars að fenginn heimild Fjármálaeftirlitsins. Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis eða á öðrum varanlegum miðli ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa um samruna skal meðal annars hafa að geyma þær upplýsingar sem 83. og 84. gr. laga nr. 116/2021 kveða á um, sbr. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 45/2020, og send eigi síðar en 30 dögum áður en innlausnarskyldu eða, ef við á, rétti hlutdeildarskírteinishafa til að skipta hlutdeildarskírteinum sínum endurgjaldslaust lýkur.

Hlutdeildarskírteini samrunasjóðs og yfirtökusjóðs skulu innleyst að kröfu eigenda samkvæmt reglum sjóðanna án annars gjalds en þess sem sjóðurinn heldur eftir til að standa undir kostnaði við sölu eigna. Ef við á skal eigendum hlutdeildarskírteina heimilt að óska eftir því að skipta hlutdeildarskírteinum sínum í hlutdeildarskírteini í öðrum sjóði með sambærilega fjárfestingarstefnu sem er stjórnað af sama rekstraraðila/rekstrarfélagi eða félagi sem rekstraraðilinn/rekstrarfélagið er tengt í gegnum sameiginlega stjórnun eða beint eða óbeint eignarhald.

Innlausnarskyldan og rétturinn til að skipta hlutdeildarskírteinum í hlutdeildarskírteini í öðrum sjóði tekur gildi þegar hlutdeildarskírteinishafar hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um samrunann og gildir þar til fimm virkum dögum fyrir viðmiðunardag við útreikning á skiptihlutfalli samrunans.

Komi til slita sjóðsins án samruna skal Stefnir hf. koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu þeirra. Stefni hf. er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (e. in kind), á sanngjarnan hátt. Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta

skiptingu eigna. Afrakstur uppgjörs sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn Stefni hf. til vörslu um sex mánaða tíma. Við lok þessa tímabils skulu eignir sem ekki hefur verið gerð krafa til, faldar Arion banka hf. til vörslu, í þágu þeirra er í hlut eiga.

Stefnir hf. er rekstraraðili sjóðsins. Ekki verður skipt um rekstraraðila nema með ákvörðun stjórnar Stefnis hf. og með samþykki Fjármálaeftirlitsins. Við slíka ákvörðun ber að tilkynna hlutdeildarskráteininshöfum sjóðsins um breytinguna og innlausnarrétt þeirra skv. ákv. 84. og 85. gr. laga nr. 45/2020.

Reykjavík, 1. júní 2006,

með breytingum gerðum 4. mars 2007,

25. apríl 2008, 27. janúar 2009, 3. maí 2009, 23. desember 2009, 16. febrúar 2011, 10. nóvember 2011, 27. nóvember 2012, 14. mars 2014, 23. september 2014, 11. október 2017, 20. september 2018, 15. mars 2019, 20. febrúar 2020, 2. október 2020 og 23. nóvember 2021.

Viðauki II: Yfirlit yfir sjóði

Yfirlit yfir verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta sem Stefir hf. rekur við útgáfu þessarar útboðslýsingar, nýjustu upplýsingar er ávallt hægt að finna á heimasíðu félagsins:

Heiti / eignaflokkur	Kennitala	Tegund
Íslensk skuldabréf		
Stefir - Ríkisskuldabréf verðtryggð hs.	671009-9910	Verðbréfasjóður
Stefir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggður hs.	630109-9810	Verðbréfasjóður
Stefir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur hs.	650398-9129	Verðbréfasjóður
Stefir - Ríkisverðbréfasjóður langur hs.	490499-9039	Verðbréfasjóður
Stefir – Skuldabréfaval hs.	531213-9980	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Stefir – Lausafjár sjóður hs.	520412-9640	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Stefir – Sparifjár sjóður hs.	520617-9810	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Stefir – Vaxtasjóður hs.	531020-8390	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Stefir – Sjálfbær skuldabréf hs.	581120-9900	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Blandaðir sjóðir		
Stefir – Samval hs.	561204-9180	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Stefir - Grænaval hs.	581120-9820	Verðbréfasjóður
Eignaval A hs.	511005-8840	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Eignaval B hs.	511005-8920	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Eignaval C hs.	511005-9060	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Eignaval – Hlutabréf hs.	591112-9880	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Íslensk hlutabréf		
Stefir – Innlend hlutabréf hs.	470206-8450	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Stefir – Arðgreiðslusjóður hs.	581120-9740	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Stefir – Innlend hlutabréf vogun hs.	510422-9960	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Alþjóðleg hlutabréf		
Stefir - Scandinavian Fund ESG hs.	430407-9880	Verðbréfasjóður
Eignaval Erlent hs.	591110-9930	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Stefir – Sjálfbærar Norðurslóðir hs.	510422-9880	Verðbréfasjóður

Fyrstu 5 af 21
Jón Finnbogason